

Alþingi

Erindi nr. P 130/2129

komudagur 26.4.2004

Konny B. Leifsdóttir

From: "Konny B. Leifsdóttir" <konnylei@isl.is>
To: <elva@althingi.is>
Sent: 25. apríl 2004 11:24
Subject: varðandi Stjórn fiskveiða(sóknardaga handfærab.)

Til

Sjávarútvegsnefndar Alþingis vegna Frumvarps um stjórn fiskveiða (sóknardaga handfærabáta) þingskjal 757.

Árleg heildarveiði sóknardagaveiðikerfis getur aldrei orðið annað en fljótandi tala, sem ræðst af gæftum og fiskgengd á miðum sem þessir bátar veiða á, frá 21 apríl eftir hrygningarstoppið til 1 okt sama ár.

Þessi bátaflokkur er ekki ábyrgur fyrir ofveiði, og verður ekki fullyrði ég, og veiðar þeirra eru umhverfisvænar. Ef mikill fiskur er á slóðinni fiskast vel ef ekki, aflast minna svo einfalt er nú það.

Útrýmingar löggin sem ég kalla svo, um 10% skerðingu þegar heildarveiðiafli í þorski er aukinn, getur varla staðist lög ef grannt er skoðað með tilliti til atvinnuréttar og eignarréttar.

Mikið eftirlit er með þessum bátaflokk og vara ég við takmörkum sem leiða til enn meira eftirlits, sem okkur finnst nú þegar, jaðra við einelti við þetta útgerðarform.

Dagabátar hafa í mörgu takmarkaðan rétt miðað við aðra í greininni, t.d.

Meiga ekki færa 20% að heimildum yfir á næsta ár.

Hafa ekki rétt til að veiða allt árið.

Meiga ekki leigja frá sér daga eða til sín nema eftir nýtingar stuðli sem reiknaður var út þegar 84 og 40 dagar voru leiðir árið 97 og 98.

Einnig ef dagabátur vill kaupa til sín daga eða selja frá sér koma til reglur um strærð bátana.

Vegna radda um kvótasetningu þessara báta vil ég segja þetta. Ég er í Smábátafélagi Reykjavíkur, og er eigandi dagabáts og ræ frá Arnastapa.

Á fundi í mínu félagi í sept. í haust, ályktuðum við 23 daga gólf eins og í fyrra og var eg endurkosin sem fulltrúi dagabátæigenda frá þessu félagi á Landsfund smábátæigenda í okt 03, ásamt fulltrúum frá hinum hagsmunahópunum svo sem grásleppu, aflamarks og krókaflæigendum.

Á landsfundinum kom saman í nefnd fulltrúar frá hinum ýmsu félögum í L.S. og áheyrnarfulltrúum og tóku allar ályktanir sem lutu að dagabátum samræmdu og eða fluttu óbreyttar til atkvæða á sameinuðum þingfundi. Allar ályktanirnar okkar voru samþykktar. Krafan um 23 daga gólf kom frá 14 aðildarfélögum af 15 eitt félag ályktaði ekki um dagabáta.

23 dagar sem lármark er hófleg samgjörn og skynsamleg, sýn til framtíðar fyrir þennan bátaflokk þegar þorsstofninn er að aukast.

Konny Breiðfjörð Leifsdóttir.

Ystaseli 26

Reykjavík.



25.4.2004